



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 7. október 2021

USK2021090071

0.7.0

Borgarráð

Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um ljósleiðaratengingu í Esjuskála á Kjalarnesi - R21090140

Á fundi borgarráðs 16. september 2021 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um ljósleiðaratengingu í Esjuskála á Kjalarnesi: „Óskað er upplýsinga um hver ástæðan er fyrir því að Esjuskáli á Kjalarnesi geti ekki tengst ljósleiðara. Esjuskáli er eina verslunin á Kjalarnesi og sinnir mikilvægri nærþjónustu bæði fyrir Grundarhverfi og dreifbýlið á Kjalarnesi en lélegt netsamband kemur niður á starfsemi sem þarf að hafa aðgengi að háhraðaneti fyrir greiðslukerfi sín" .

Svar Umhverfis- og skipulagssviðs:

Samkvæmt upplýsingum frá fjarskiptafélaginu Mílu ehf. er í boði að panta ljósleiðaratengingu í Esjuskála á Kjalarnesi. Sá sem óskar eftir tengingu þarf að hafa samband við sitt fjarskiptafélag (t.d. Síminn, Vodafone, Hringdu, Nova) og óska eftir tilboði í tengingu. Til að koma á tengingu þarf að grafa fyrir og leggja heimtaug að Esjuskála sem umsækjandi þarf að kosta.

Ólafur Ólafsson,
deildarstjóri opinna svæða